

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1650  
komudagur 27.4.2005

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

**NS**  
NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2005

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál – til viðbótar við umsögn Neytendasamtakanna dags. 26. apríl 2005.**

### **Um samskipti neytenda og seljanda**

Neytendasamtökin telja þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu að meginstefnu vera til bóta. Hins vegar telja samtökin að ganga mætti miklu lengra í umbótum. Í frumvarpsdrögunum er ekkert fjallað um samskipti neytanda og seljanda en mjög brýnt er að taka með afgerandi hætti á ýmsum álitæfnum sem varða viðskipti neytenda við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Álitæfnin varða t.d. réttindi og skyldur beggja aðila, hvað teljast vera vanefndir, hvernig aðilar geti brugðist við vanefndum o.s.frv. Ekki er heldur tekið á því hvaða upplýsingar er skylt að veita neytendum. Tekið hefur verið á þessum atriðum í löggjöf sem snertir ýmis svið viðskiptalífsins, t.d. lög um neytendakaup, lög um þjónustukaup, lög um váttryggingasamninga, lög um sölu fasteigna o.fl. Engin ástæða er til að ganga skemur þegar kemur að því að setja lög um ferðamál enda ljóst að fjölmörg deilumál rísa um viðskipti á þessu sviði og oft á tíðum lítið að styðjast við í lagasafninu. Tekið er á hluta þessara atriða í lögum um alferðir en þau lög ná ekki til nema hluta þeirra viðskipta sem neytendur eiga við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Það er því full ástæða og í raun brýn þörf á að taka þessa lagasetningu skrefinu lengra og mæla með nákvæmari hætti fyrir um samskipti neytenda og seljanda.

### **Starfsábyrgðartryggingar**

Neytendasamtökin leggja áherslu á að áður en starfsleyfi er veitt skuli umsækjandi leggja fram skírteini um að tekin hafi verið starfsábyrgðartrygging hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Ekki er nóg að tryggja neytendur vegna gjaldþrota þeirra aðila sem falla undir frumvarpið heldur er einnig brýnt að staða neytenda sé tryggð vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum leyfishafa.

### **3. mgr. 8. gr.**

Með frumvarpinu er lagt til að leyfi verði ótímabundin. Neytendasamtökin hafa áhyggjur af því að með þessari breytingu minnki eftirlit en við endurútgáfu leyfis hlýtur einhvers

konar skoðun á starfseminni að fara fram. Þrátt fyrir reglur um starfsábyrgðartryggingu leggja Neytendasamtökin ríka áherslu á öflugt eftirlit með starfseminni enda ljóst að mun betur fer á því að koma í veg fyrir tjón en að sækja bætur í starfsábyrgðartryggingu eftir að tjón hefur orðið. Raunar telja samtökin að mæla mætti fyrir með mun nákvæmari hætti hvernig eftirliti með starfseminni skuli háttað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

Iris Ösp Ingjaldsdóttir  
Íris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.